



## Fundur hreppsnefndar 10. júlí 2014

2. fundur hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps var haldinn fimmtudaginn 10. júlí 2014 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt: Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Stefán Grímur Rafnsson, Friðrik Óli Atlason, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Róbertsson .

Jafnframt mættur Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Bárður Jónasson kvaddi sér hljóðs og óskaði eftir því að að tekið yrði á dagskrá málefni um opinber störf undir liðnum "ýmis bréf og erindi". Atkvæðagreiðsla fór fram um málið og voru 4 sem greiddu atkvæði með Bárður, Magnús, Hrund og Stefán en 3 á móti Eyjólfur, Friðrik og Sigríður. Það dugði ekki til því 2/3 atkvæða þarf til að slík tillaga sé samþykkt og tekin á dagskrá.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 26. júní sl.  
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 26. júní sl.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Samþykkt að 3. tl.á auglýstri dagskrá verði nr. 2 og 2. tl. verði nr. 3.

2. mál. Samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar og sveitarstjórnarlög. -Breytingartillögur-. Síðari umræða.-  
Fyrri umræða um samþykktirnar fóru fram 26. júní sl. milli funda hafa meiri- og minnihluti fundað og farið yfir málin sameiginlega. Oddviti gerði grein fyrir þeim viðræðum og í framhaldi lagði hann fram svofelldar breytingatillögur við gildandi samþykktir um stjórn Vopnafjarðarhrepps:

„Tillaga að  
SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps nr. 420/2014.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar hljóðar svo: Á fyrsta fundi kýs hreppsnefnd oddvita og 1. og 2. varaoddvita til eins árs. Kosning skal fara fram eigi síðar en 30. júní ár hvert.

2. gr.

38. gr. samþykktarinnar hljóðar svo:

A. Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. Atvinnumála og ferðamálanefnd. Fimm aðalmenn og þrír til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í atvinnumálum.

2. Félagsmála -og barnaverndarnefnd. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa í sameiginlega félags- og barnaverndarnefnd samkvæmt samningi um sameiginlega nefnd nágrannasveitarfélaganna Fliótsdalshrepps, Borgarfjarðarhrepps, Fliótsdalshéraðs og Vopnafjarðarhrepps. Kosning þessi er skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og III. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. Hafnarstjórn. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. hafnalaga nr. 61/2003.
  4. Velferðarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um húsnæðismál skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998. Einnig fer nefndin með málefni er varða jafnréttis- og ferlimál, jafna stöðu kvenna og karla skv. 12. gr. laga nr. 10/2008. Auk verkefna, sem jafnréttisnefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum. Kalla skal eftir tilnefningu Sjálfsbjargar á einum áheyrnarfulltrúa í málefnum er varða ferlimál.
  5. Kjörstjórn. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
  6. Landbúnaðarnefnd. Sjö aðalmenn og þrjú til vara. Nefndin fjallar um landbúnaðarmál, ákveður fjallskil og sér um varnir gegn riðu o.þ.h.
  7. Skipulags- og umhverfisnefnd. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Nefndin fer einnig með málefni vatnsveitu skv. 2. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, umferðarnefndar sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og náttúruverndarnefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999.
  8. Fræðslunefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Ennfremur skv. lögum nr. 150/2012 um bókasöfn.
  9. Þjónustuhópur aldraðra. Fimm aðalmenn og þrjú til vara til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
  10. Æskulýðs- og íþróttamálanefnd. Fimm aðalmenn og þrjú til vara. Nefndin sinnir faglegu starfi þeirra málaflokka sem henni eru falin af hreppsnefnd með erindisbréfi.
  11. Menningarmálanefnd. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðgjafar í menningarmálum.
- B. Fulltrúar kjörnir til 4 ára í sameiginlegar fastanefndir og sameiginlegir fulltrúar með öðrum sveitarfélögum í fastanefndum, kjörnir eftir samkomulag um tilnefningu. Kjör á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.
1. Almannaþingarnefnd Múlaþings. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samþykktum um nefndina, sbr. og 9. gr. laga um almannaþingarnir nr. 82/2008.
  2. Brunavarnir á Austurlandi. Einn fulltrúi og varafulltrúi í samstarfsstjórn Fljótsdalshrepps, Fljótsdalshéraðs, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps um slökkvilið og brunavarnir, samkvæmt samþykktum þar að lútandi sbr. 14. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.
  3. Heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórnir á Austurlandi kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga

til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

C. Kosningar og tilnefningar í félög, stjórnir og ráð. Kjörnir til eins árs, að jafnaði á fundi í júní hvert ár.

1. Samband sveitarfélaga á Austurlandi. Fulltrúar og varafulltrúar á aðalfund SSA samkvæmt samþykktum þar að lútandi.

2. Skólaskrifstofa Austurlands. Einn fulltrúi og annar til vara á aðalfund Skólaskrifstofu Austurlands samkvæmt samþykktum þar að lútandi.

3. Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Fulltrúi og varafulltrúi á aðalfund samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.

4. Menningarráð Austurlands. Fulltrúi og varafulltrúi á aðalfund samkvæmt samþykktum Menningarráðs Austurlands.

5. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einn fulltrúi á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og varamaður.

D. Verkefnabundnar nefndir.

Hreppsnefnd getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils hreppsnefndar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Hreppsnefnd getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er. Hreppsnefnd útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

3. gr.

Aftan við 9. grein samþykktanna bætist eftirfarandi: „ Heimilt er að senda gögn rafrænt sé þess óskað“.

4. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.”

Oddviti gerði síðan grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á samþykktunum og lagði til að þær yrðu samþykktar. Talsverðar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Minnihlutinn lagði síðan fram svofellda breytingartillögu við tillögu meirihlutans og gerði Hrud grein fyrir henni:

"Breytingartillögur B-listans á 2. máli 10. júlí 2014

2. gr. um 38. gr. samþykktarinnar

A

1. liður Breytingartillaga: Atvinnu- og ferðamálanefnd sameinist menningarmálanefnd. Nefndin heiti Atvinnu- og menningarmálanefnd.

Starfsmaður nefndarinnar er fulltrúi menningararfs og ferðamála og vinnur m.a. að því að samþætta menningarviðburði og ferðaþjónustu, markaðssetja ofl. Ferðamál eru atvinnuvegur eins og iðnaður, verslun, þjónusta, sjávarútvegur, landbúnaður os.frv. og þurfa því ekki að vera sérstaklega tilgreind

í nafni nefndarinnar

8. liður Breytingartillaga: Fræðslunefnd og íþrótt- og æskulýðsnefnd sameinist og verði kallaðar Fræðslu- og frístundanefnd.

10. liður Breytingartillaga: Æskulýðs- og íþróttamálafræðslunefnd sameinist Fræðslunefnd og beri nafnið Fræðslu- og frístundanefnd.

12. liður Breytingartillaga: Menningarmálanefnd sameinist Atvinnu- og ferðamálanefnd. Nefndin heiti Atvinnu- og menningarmálanefnd.

Jafnframt verði hlutverk menningarmálanefndar tekið til gagngerrar endurskoðunar”

Bárður Jónasson  
Hrund Snorradóttir  
Magnús Þór Róbertsson

Að umræðum loknum var gengið til atkvæða um fyrirbyggjandi tillögur.

Fyrst var breytingartillaga minnihlutans borin upp til atkvæða og var hún felld með 4 atkvæðum meirihlutans gegn 3 atkvæðum minnihlutans.

Fyrirbyggjandi tillaga meirihlutans var síðan tekin til atkvæðagreiðslu og var hver liður fyrir sig borin sérstaklega undir atkvæði.

Fyrsta grein breytingartillagna. Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum

Önnur grein breytingartillagna:

A.

- 1) Atvinnumála og ferðamálanefnd. Samþykkt með 4 atkv. meirihluta gegn 3 atkv. minnihluta.
- 2) Félagsmála- og barnaverndarnefnd. Samþykkt samhljóða með 7 atkv.
- 3) Hafnarstjórn. Samþykkt samhljóða með 7 atkv.
- 4) Velferðarnefnd. Samþykkt samhljóða með 7 atkv.
- 5) Kjörstjórn. Samþykkt samhljóða með 7 atkv.
- 6) Landbúnaðarnefnd. Samþykkt samhljóða með 7 atkv.
- 7) Skipulags- og umhverfisnefnd. Samþykkt samhljóða með 7 atkv.
- 8) Fræðslunefnd. Samþykkt með 4 atkv. meirihluta gegn 3 atkvæðum minnihluta.
- 9) Þjónustuhópur aldraðra. Samþykkt samhljóða með 7 atkv.
- 10) Æskulýðs- og íþróttamálanefnd. Samþykkt með 4 atkv. meirihluta gegn 3 atkv. minnihluta.
- 11) Menningarmálanefnd. Samþykkt með 4 atkv. meirihluta gegn 3 atkv. minnihluta.

B. B-liður í heild borinn undir atkvæði. Samþykktur samhljóða með 7 atkvæðum.

C. C-liður í heild borinn undir atkvæði. Samþykktur samhljóða með 7 atkvæðum.

D. D-liður í heild borinn undir atkvæði. Samþykktur samhljóða með 7 atkvæðum.

Þriðja og fjórða grein. Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Að atkvæðagreiðslu lokinni var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum að fela sveitarstjóra að senda samþykktirnar svo breyttar til staðfestingar í Innanríkisráðuneytið og óska eftir að þær verði birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

3. mál. Kosning aðal- og varafraksturláts í nefndir sveitarfélagsins, samkv. samþykktum um stjórn Vopnafjarðarhrepps. Tillögur verða lagðar fram á fundinum.

Afgreiðslu þessa liðar var frestað milli funda á fundi hreppsnefndar 26. júní sl. Á þeim fundi var samþykkt að fulltrúar meiri –og minnihluta myndu hittast og fara yfir nefndarskipan sveitarfélagsins á komandi kjörtímabili. Sú vinna hefur farið fram. Oddviti gerði grein fyrir þeirri vinnu og lagði síðan fram svofelldar tillögur um skipan í helstu nefndir sveitarfélagsins, sem er afrakstur þeirrar vinnu:

- „1. Atvinnu og ferðamálanefnd: 5 Aðalmenn: Ólafur K. Ármannsson, Örn Björnsson, Steinunn Aðalsteinsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Ólafur B. Valgeirsson og 3 Varamenn: Silvía Björk Kristjánsdóttir, Nikulás Árnason og Árni H. Magnússon
2. Félagsmála – og barnaverndarnefnd: Búið að kjósa
3. Hafnarstjórn: Aðalmenn: Ingólfur Arason, Agnar Karl Árnason, Erla Sveinsdóttir, Þorgrímur Kjartansson og Hafnhildur Helgadóttir og Varamenn: Hjörtur Davíðsson, Halldór G. Jónasson, Inga M. Ingadóttir, Halldóra S. Árnadóttir og Guðjón Böðvarsson.
4. Velferðarnefnd (Hér eru Húsnæðis-, jafnréttis- og ferilnefnd inni) 5 Aðalmenn: Elín Dögg Methúsalemsdóttir, Jóhann Már Róbertsson, Lilja Kristjánsdóttir, Guðjón Böðvarsson og Berglind Árnadóttir og 5 Varamenn: Júlíanna Ólafsdóttir, Stefanía Halbjörg Aradóttir, Ingólfur Daði Jónsson, Gyða Á Jósepsdóttir og Friðrik Sigurjónsson
5. Kjörstjórn: 3 Aðalmenn: Svanborg Víglundsdóttir, Hrafnhildur Helgadóttir og Baldur Kjartansson, og 3 Varamenn: Birna Einarsdóttir, Inga M. Ingadóttir og Jóhann Már Róbertsson
6. Landbúnaðarnefnd: 7 Aðalmenn: Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, Geir Þóroddsson, Jóhanna Guðjónsdóttir, Svanur Arthúrsson, Friðbjörn Haukur Guðmundsson, Sigurjón Hauksson og Sigurþóra Hauksdóttir og 3 varamenn: Gauti Halldórsson, Jóhann Lúther Einarsson og Helgi Sigurðsson
7. Skipulags- og Umhverfisnefnd: 7 Aðalmenn: Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Hinrik Ingólfsson, Baldur Friðriksson, Gísli Sigmarsson, Borghildur Sverrisdóttir og Baldur Kjartansson og 7 varamenn: Nikulás Árnason, Axel Örn Sveinbjörnsson, Árný Vatnsdal, Teitur Helgason, Heiðbjört Antonsdóttir, Höskuldur Haraldsson og Guðrún Anna Guðnadóttir
8. Fræðslunefnd: 5 aðalmenn: Fanney Hauksdóttir, Jón Haraldsson, Þorsteinn Halldórsson, Hafþór Róbertsson og Fjola Valsdóttir og 5 varamenn: Ingvar B. Eðvarðsson, Guðrún Stefánsdóttir, Einar Ólafur Einarsson, Dorota J. Burba og Kristján Guðjónsson
9. Þjónustuhópur aldraðra: 5 Aðalmenn og 3 Varamenn. Engin tillaga.
10. Æskulýðs- og íþróttanefnd: 5 aðalmenn Einar Björn Kristbergsson, Svandís Hlín Viðarsdóttir, Símon Svavarsson, Víglundur P. Einarsson og Linda B. Stefánsdóttir og 3 varamenn: Aðalbjörn Björnsson, Örn Björnsson og Þórhildur Sigurðardóttir
11. Menningarmálanefnd: 5 aðalmenn Steingrímur Árnason, Ingólfur Daði Jónsson, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Hreiðar Geirsson og Elísa Joensen og 5 varamenn Örn Björnsson, Ásgrímur Guðnason, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Dorota J. Burba og Karen H. Halldórsdóttir

Búið er að kjósa fulltrúa í sameiginlega félags – og barnaverndarnefnd.

Oddviti gerði grein fyrir fyrirliggjandi tillögum um nefndarskipan og bar það undir fundinn hvort ekki væri í lagi að greiða atkvæði um tillöguna í heilu lagi og var það samþykkt.

Fyrirliggjandi tillaga um nefndarskipan var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkv.

Á grundvelli breytinga á samþykktum sveitarfélagsins er lúta að kjöri varaoddvita kom fram tillaga um að 2. varaoddviti til eins árs verði Sigríður Elva Konráðsdóttir.

Áður var búið að kjósa 1. varaoddvita Stefán Grím Rafnsson.

Engar tillögur aðrar komu fram. Fyrirliggjandi tillaga samþykkt með 4 atkvæðum meirihluta og 3 atkvæði minnihlutans sátu hjá.

4. mál. Ráðning sveitarstjóra auglýsing. Farið yfir stöðu mála.

Lögð fram auglýsing um starf sveitarstjóra en starfið hefur verið auglýst laust til umsóknar í gegnum ráðgjafarfyrtækið Capasent. Umsóknarfrestur er til 21. júlí nk.

Að því loknu verður farið yfir umsóknir í samráði við ráðgjafafyrirtækið og gengið til samninga við nýjan sveitarstjóra.

Oddviti spurðist fyrir um það hvort minnihlutinn hefði áhuga á aðkomu að ráðningarferli nýs sveitarstjóra. Slíkur áhugi var fyrir hendi og var því samþykkt að fulltrúar meiri og minnihluta kæmu sameiginlega að ráðningu nýs sveitarstjóra.

5. mál Landsþing Sambands Ísl. Sveitarfélaga bréf dags. 4. júlí sl.

-Kosning eins fulltrúa-

Landsþing Sambands Ísl. Sveitarfélaga verður á Akureyri dagana 24.-26. sept. nk.

Tillaga kom fram um það að fulltrúi Vopnafjarðarhrepps á þinginu verði Eyjólfur Sigurðsson, Oddviti. Fyrirliggjandi tillaga var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

6. mál. Bréf Umhverfis- og Auðlindaráðuneytisins frá 1. júlí sl. varðandi starfsleyfi fyrir sundlaug í Selárdal.

Lagt fram bréf Umhverfis- og Auðlindaráðuneytisins dags. 1. júlí sl., varðandi starfsleyfi fyrir sundlauginu í Selárdal. Í bréfinu kemur fram að Vopnafjarðarhreppi er heimilað að hafa sundlauginu opna miðað við tiltekin skilyrði. Heilbrigðiseftirlitið mun síðan gefa úr varanlegt starfsleyfi eigi síðar en 1. sept. 2014.

Jafnframt lögð fram tilkynning um opnunartíma sundlaugarinnar. Ljóst er að taka þarf í framhaldi ákvarðanir um opnunartíma sundlaugarinnar og hvernig staðið verður að rekstri hennar til lengri tíma lítið.

Svofelld bókun kom fram á fundinum, sem allir fulltrúar sveitarstjórnar stóðu að:

„Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps mun hafa opinn íbúafund í haust um sundlauginu, opnunartíma, framtíðina og kostnað við lauginu og upplýsa íbúa um stöðu mála“

Samþykkt var að senda málið til umfjöllunar og tillögugerðar í æskulýðs- og íþróttanefnd.

7. mál Sundabúð, kosning í nýja nefnd um Sundabúðarmálefni. Jafnlaunaáttak o.fl.-Staða mála-  
Fram kom tillaga um að kjósa í nýja Sundabúðarnefnd sveitarstjórnar, sem yrði skipuð eftirtöldum aðilum: Sigríður Elva Konráðsdóttir, Friðrik Óli Atlason og Magnús Róbertsson.

Engin önnur tillaga kom fram.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Gerð grein fyrir stöðu varðandi svokallað jafnlaunaáttak og samninga við Velferðarráðuneytið varðandi framhald rekstrar legudeildarinnar að Sundabúð.

Samþykkt að sveitarstjóri og nýkjörin nefnd Sundabúðar vinni áfram að framgangi mála.

8. mál. Bréf Innanríkisráðuneytisins frá 18. júní sl., varðandi viðauka við fjárhagsáætlunir

Lagt fram til kynningar.

9. mál. Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 12. júní sl., varðandi fjármálastjórnun sveitarfélaga.

Rætt var um að fá fund með KPMG, þar sem almennt væri farið yfir fjármál sveitarfélaga með sveitarstjórnarmönnum.

Bréfið lagt fram til kynningar.

10. mál. Bréf Menntamálaráðuneytisins dags. 27. maí sl., varðandi framhaldsskóladeild á Vopnafirði

Lagt fram bréf Menntamálaráðuneytisins frá 27. maí sl., varðandi framhaldsskólamála.

Farið var yfir málin og urðu talsverðar umræður um það hvernig best væri að standa að framvindu mála.

Lagt til að fulltrúar sveitastjórnar, fræðslunefndar, foreldrafélags og framhaldsskóla verðir kallaðir saman á fund þar sem tekin verði ákvörðun um framhald mála.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða 7 atkvæðum

11. mál. Bréf Tónlistarskólans á Akureyri frá 18. júní sl., varðandi námsvistargjöld.

Lagt fram bréf Tónlistarskólans á Akureyri varðandi námsvistargjöld.

Miklar umræður urðu um þetta erindi þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Ljóst er að hér er um vandamál að ræða sem gott væri að lausnir fengjust á. Kosnaður vegna skólagjalda er mikill.

Samþykkt var að fresta endanlegri afgreiðslu málsins og leita frekari upplýsinga í málinu þ.a. unnt yrði að móta reglur í afgreiðslu mála af þessu tagi.

12.mál. Bréf sambands ísl. Sveitarfélaga varðandi Siðanefnd sveitarfélaga. Jafnframt lagðar fram siðareglur kjörinna fulltrúa Vopnafjarðarhrepps.

Lagt fram til kynningar.

13. mál. Dælustöð við Kolaport. Teikningar. Taka þarf ákvarðandi varðandi útboð o.fl.

Kynntar hugmyndir og teikningar að nýrri dælustöð við Kolaport. Samþykkt að óska eftir framkvæmdaleyfi og sveitastjóra falið að vinna áfram að málinu og láta meðal annars vinna útboðsgögn.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhjóða með 7 atkvæðum.

14. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Brunavarnir á Austurlandi gjaldskrá

Hreppsnefnd samþykkir gjaldskrá Brunavarna á Austurlandi fyrir sitt leyti.

b) Heilbrigðiseftirlit Austurlands fundargerð frá 25. júní sl.

Lagt fram til kynningar

c) Bændadagar Hofsá.

Samþykkt að dagarnir verði seldir eins og gert hefur verið

d) Fundargerð Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.24